

Erindisbréf

Vinnuhópur um úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi

1.gr.

Stjórn SSV skipar fimm fulltrúa í vinnuhóp um úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi. Hópurinn tekur til starfa í febrúar 2023 og er áætlað að hann ljúki störfum í júní 2023. Stjórn SSV skipar formann hópsins.

2.gr.

Skipa skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit
- Einn fulltrúi tilnefndur af Borgarbyggð, Skorradal og Eyja- og Miklaholtshreppi
- Einn fulltrúi tilnefndur af Dalabyggð
- Einn fulltrúi tilnefndur af Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmi/Helgafellssveit
- Formaður hópsins er skipaður af stjórn SSV.

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- Að vinna stöðugreining varðandi samstarf slökkviliða á Vesturlandi
- Að vinna úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi. Sérstaklega skal skoða:
 - o Gagnkvæm aðstoð varðandi lögbundin verkefni
 - o Samþættingu brunavarna og annarra lögbundinna verkefna
 - o Samstarf varðandi stjórnendavaktir
 - o Samræming á verklagi
 - o Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna
 - o Samstarf um eldvarnareftirlit
 - o Samstarf um kaup á búnaði
 - o Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa
 - o Möguleikum á sameiningu slökkviliða
- Þá hefur hópurinn tækifæri til þess að skoða fleiri samstarfsmöguleika sem upp koma í vinnu hópsins.

4.gr.

Starfsmenn SSV vinna með hópnum eftir þörfum. Starfsmenn SSV sjá um að færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSV. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni í júní 2021.